SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Kópavogsbær
b.t. Sveins Gíslasonar, formanns innkaupanefndar Kópavogsbæjar
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Sent með tölvupósti á starfsmann innkaupanefndar katrin.arnorsdottir@kopavogur.is

Reykjavík, 22. október 2025
Tilv.: 2509009

Varðar: Erindi vegna meintra brota Sorpu bs. og aðildarsveitarfélaga byggðasamlagsins á samkeppnislögum.

1. Samkeppniseftirlitinu hefur borist erindi um mögulegar samkeppnishindranir á sviði meðhöndlunar úrgangs á höfuðborgarsvæðinu, sbr. meðfylgjandi erindi frá Íslenska Gámafélaginu ehf. (hér eftir „ÍGF“) til eftirlitsins, dags. 15. september sl. Í erindinu er byggt á því að Sorpa bs. (hér eftir „Sorpa“) og þau sveitarfélög sem standa saman að rekstri Sorpu, hafi með aðgerðum sínum brotið gegn ákvæðum samkeppnislaga nr. 44/2005 (hér eftir „samkeppnislög“). Sorpa er í eigu sveitarfélaganna Reykjavíkurborgar, Kópavogsbæjar, Hafnarfjarðarbæjar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar (hér eftir sameiginlega nefnd „aðildarsveitarfélögin“).

2. Í erindinu er byggt á því að Sorpa sé í markaðsráðandi stöðu á markaði fyrir móttöku og meðhöndlun úrgangs á höfuðborgarsvæðinu og hafi, með atbeina aðildarsveitarfélaganna, misnotað þá stöðu sína í andstöðu við 11. gr. samkeppnislaga. Byggt er á því í erindinu að sú háttsemi sem um ræðir felist í því að Kópavogsbær, sem og önnur aðildarsveitarfélög Sorpu, geri það að skilyrði í útboðsgögnum vegna sorphirðu frá heimilum að allur úrgangur skuli afhentur móttökustöðvum Sorpu. Með erindinu fylgdu útboðsskilmálar Kópavogsbæjar, dags. 14. febrúar 2024 þar sem boðin var út sorphirða við heimili í Kópavogi. Hinn 17. október sl. barst viðbótarathugasemd við erindið með útboðsgögnum frá Hafnarfjarðarbæ, Seltjarnarnesbæ, Mosfellsbæ og Garðabæ vegna útboðs á sorphirðu við heimili.

3. Telur ÍGF framangreinda tilhögun, þ.e. að gera það að skilyrði í útboðum að öllum úrgangi skuli skilað til móttökustöðva Sorpu, m.a. fela í sér ósanngjarna viðskiptaskilmála, ólögmæta sölusynjun og mismunun sem útiloki bæði sig og aðra keppinauta Sorpu á höfuðborgarsvæðinu sem starfa á markaði fyrir meðhöndlun úrgangs frá heimilum, frá því að taka við úrgangi til vinnslu.

4. Í erindinu er jafnframt byggt á því að aðildarsveitarfélögin hafi átt í ólögmætu samráði, í andstöðu við 10. gr. samkeppnislaga með því að samræma þau skilyrði sem sett eru í útboðsgögnum þegar sorphirða frá heimilum er boðin út, þess efnis að öllum úrgangi skuli skilað til móttökustöðva Sorpu. Þá byggir ÍGF á því að háttsemin sem um ræðir feli í sér brot á 12. gr. samkeppnislaga.

—

5. Samkvæmt 3. mgr. 8. gr. samkeppnislaga og 9. gr. reglna nr. 880/2005 um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins, sbr. reglur nr. 924/2007 (hér eftir „málsmeðferðarreglur“), tekur Samkeppniseftirlitið ákvörðun um forgangsröðun mála og hvort tilefni sé til rannsóknar hverju sinni. Til þess að geta betur metið hvort nægt tilefni sé til þess að hefja rannsókn máls er Samkeppniseftirlitinu heimilt að leita umsagnar, sbr. 3. mgr. 9. gr. málsmeðferðarreglna.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

6. Með bréfi þessu er Kópavogsbæ veitt tækifæri á að koma á framfæri sjónarmiðum um meðfylgjandi erindi og fylgiskjöl þess, sbr. áðurnefnda 3. mgr. 9. gr. málsmeðferðarreglna, áður en eftirlitið tekur afstöðu til þess hvort tilefni sé til formlegrar rannsóknar og frekari málsmeðferðar. Um heimild til þess að afla upplýsinga og gagna og skyldu til þess að veita þau með tímanlegum hætti, vísar Samkeppniseftirlitið til 19. gr. samkeppnislaga.

7. Þess er vinsamlegast farið á leit að ofangreind sjónarmið og eftir atvikum aðrar upplýsingar og gögn, verði send Samkeppniseftirlitinu með tölvupósti, á netfangið telma.d.hallsdottir@samkeppni.is eigi síðar en **5. nóvember 2025.**

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið

Telma Dögg Hallsdóttir

Hjálagt:

1. Erindi ÍGF til Samkeppniseftirlitsins, dags. 15. september 2025 og fylgiskjal við erindi.
2. Viðbótarfylgiskjöl við erindið, dags. 17. október 2025: útboðsskilmálar Hafnarfjarðarbæjar, Seltjarnarnesbæjar, Mosfellsbæjar og Garðabæjar.

Samrit: Sorpa bs., Hafnarfjarðarbær, Seltjarnarnesbær, Mosfellsbær og Garðabær.

Afrit: Íslenska Gámafélagið ehf.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026